

428. fundur Framkvæmdarnefndar búvörusamninga var haldinn 11. júní 2018 kl. 14:00 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir sátu fundinn:

Rebekka Hilmarsdóttir formaður, Arnar Freyr Einarsson ANR, Arnar Árnason formaður LK, Gunnar Þorgeirsson, formaður SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eypórsson, frkvstj. BÍ,

Þetta var tekið fyrir á fundinum samkvæmt dagskrá:

1. Tekið var fyrir erindi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) um nýja vöru Létt-Smjörvi – ríkisstuðlar frá 18. maí 2018. Á fundinn kom Bjarni Ragnar Brynjólfsson, skrifstofustjóri SAM og fór yfir erindið sem varðar staðfestingu á að nota megi vörunúmerið 5010, ásamt reiknuðum fitu- og próteinstuðlum vörunnar, við skráningu og útreikning vegna framleiðslu, sölu og birgða mjólkurafurða samkvæmt búvörulögum og búvörusamningum. Þá fór hann einnig yfir með nefndinni tilgang ríkisstuðla og notkun þeirra. Tillaga SAM að nýjum stuðli fyrir Létt-Smjörva var samþykkt skv. 1. mgr. 52. gr. búvörulaga nr. 99/1993.
2. Tekið var fyrir erindi Markaðsráðs kindakjöts frá 12. maí 2018, þar sem óskað var eftir því við nefndina, í samræmi við 3.7. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar að 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum ársins 2018 verði varið til áframhalds tímabundins átaksverkefnis um sölu og kynningu á íslensku kindakjöti erlendis vegna sérstakra aðstæðna sem ráðist var í á árinu 2017. Umræður fóru fram um erindið og ákveðið var að boða Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóra Markaðsráðs kindakjöts, Oddný Steinu Valsdóttur formann LS ásamt fulltrúa frá Landssambandi sláturleyfishafa á næsta fund nefndarinnar til að fara betur yfir erindið.
3. Rætt var um undanþágu um tilfærslu greiðslumarks mjólkur milli lögbýla og tilvik sem upp hafa komið þar sem undanþágan hefur verið nýtt til að komast framhjá innlausnarmarkaði. Formaður lagði fram yfirlit yfir þróun undanþágunnar frá því hún var fyrst sett með reglugerð nr. 430/2010. Þá lagði formaður fram á fundinum nokkrar tillögur að breytingu á undanþágunni í núgildandi reglugerð nr. 1181/2017. Formaður LK lagði áherslu á að þess yrði gætt að eðlilegur flutningur á greiðslumarki milli lögbýla félli undir undanþáguna t.d. vegna sameininga samliggjandi jarða. Formanni var falið að leggja til við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákvæði reglugerðarinnar um undanþáguna yrði breytt.
4. Tekinn var fyrir tölvupóstur frá framkvæmdastjóra LK vegna verðlagningar mjólkur og tillögu aðalfundar LK frá apríl 2018 um að skora á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að ljúka útfærslu á 12. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar og koma henni í framkvæmd. Farið var yfir ákvörðun atvinnuveganefndar um að fresta gildisstöku ákvæðisins við staðfestingu búvörusamninga á Alþingi 2016. Nefndin sammála um að lagt verði til við ráðherra að flýta útfærslu ákvæðisins í stað þess að sú útfærsla bíði niðurstöðu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga.

5. Rætt var um ráðstöfun lífræns stuðnings. Formaður upplýsti nefndina um þær breytingar sem verða á eftirliti með vottunaraðilum með lífrænni ræktun við gildistöku nýrra laga um Matvælastofnun. Þá upplýsti framkvæmdastjóri Búnaðarstofu að umsóknum um lífrænan stuðning hefði fjölgað frá því í fyrra og væru í ár 5 talsins.
6. Lagðar voru fyrir samþykktar tillögur LS frá aðalfundi 2018, annars vegar varðandi fyrstu greiðslu samkvæmt samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar og hins vegar vegna svæðisbundins stuðnings. Málinu var frestað og þess óskað að Landssamtök sauðfjárbænda sendu nefndinni formlegt erindi vegna málsins.
7. Tekið var fyrir erindi Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands dags. 6. júní 2018 þar sem þess var óskað að nefndin beitti sér fyrir því að veitt verði 15 m.kr. framlag til rekstrar stöðvarinnar á árinu 2018. Lagt er til að umbeðin fjárhæð verði flutt af liðnum framleiðslujafnvægi skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar yfir á liðinn greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu skv. 9. gr. samningsins. Ráðstöfunin var samþykkt.
8. Formaður lagði fram drög að starfsreglum nefndarinnar. Athugasemdir voru gerðar við orðalag í 3. gr. reglnanna og var formanni falið að uppfæra drögin. Staðfestingu reglnanna var frestað.
9. Önnur mál
 - Formaður SG óskaði eftir að bókað yrði að sambandið gerði athugasemdir við kröfu Orkustofnunar um greiðslu 6 m.kr. fyrir umsýslu með niðurgreiðslu á raforku.
 - Formaður LK upplýsti nefndina um verkefni á vegum sambandsins sem hraða muni kynbótastarfi og ákveðin grunnvinna sé þegar hafin vegna verkefnisins. Nokkuð fjármagn þurfi til verkefnisins og mun LK og BÍ senda erindi á nefndina vegna þessa.
 - Þá beindu fulltrúar bænda þeim tilmælum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að styrkja þurfi verulega skrifstofu landbúnaðar og matvæla í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 16:00.